

Fimmtudaginn 7. desember 1995.

Nr. 334/1995.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Ásgeiri Jónssyni

(Magnús Thoroddsen hrl.)

Kynferðisbrot. Sérálit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. september 1995 að ósk ákærða. Ákærði krefst sýknu og frávísunar á skaðabótakröfu. Af hálfu ákærvaldsins er krafist þyngingar á refsingu og greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 710.000 krónur, auk hæstu leyfilegra vaxta frá 30. ágúst 1994 til greiðsludags.

Samkvæmt 4. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994, endurmetur Hæstiréttur ekki, hversu trúverðugur sá framburður er, sem gefinn er fyrir héraðsdómi. Við úrlausn sína byggir héraðsdómur að miklu leyti á framburði kæranda, en honum til stuðnings er framburður vitna um ástand hennar eftir fund þeirra ákærða. Kærandi leitaði til lögreglu strax eftir atburðinn, og lögreglan handtók síðan ákærða. Fyrsta frásögn kæranda hjá lögreglu fékk verulega stoð við læknisrannsókn, en ákærði neitaði í upphafi, að samfarir hefðu átt sér stað. Með þessari athugasemd ber að fallast á sakarmat héraðsdóms og heimfærslu til refsíákvæðis.

Við ákvörðun refsingar verður að líta til þess, að ákærði og kærandi fóru saman frá skemmtisvæðinu úr auglýn fólks. Viðbrögð ákærða við höfnun hennar, eins og hún lýsir þeim, benda ekki til verulega einbeitts vilja hans. Þegar hins vegar er litið til þeirra alvarlegu afleiðinga, sem brot ákærða er fallið til að hafa á líf kæranda, sem aðeins var 16 ára, verður ekki hjá því komist að þyngja refsingu hans frá því, er hún var ákveðin í héraði, í 18 mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um skaðabætur til handa kæranda og um sakarkostnað.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason gera þá athugasemd, að þeir telji fangelsisrefsingu ákærða eiga að vera 15 mánuði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður að öðru leyti en því, að fangelsisrefsing ákærða, Ásgeirs Jónssonar, ákveðst fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Austurlands 2. ágúst 1995.

Ár 1995, miðvikudaginn 2. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsal embættisins að Lyngási 15, Egilsstöðum, af héraðsdómurinum Ólafi Berki Þorvaldssyni sem dómsformanni og meðdómendunum Kristjönu Jónsdóttur og Jónasi Jóhannssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-1375/1994: Ákærvaldið gegn Ásgeiri Jónssyni, sem tekið var til dóms 28. f. m. að loknum munnlegum málflutningi.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 21. apríl 1995, á hendur ákærða, Ásgeiri Jónssyni sjómanni, Borgarlandi 20 B, Djúpavogi, kt. 290773-4589, „fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 31. júlí 1994 í beitingaskúr á bryggjunni í Neskaupstað þröngvað stúlkunni X, sem þá var 16 ára, til kynferðismaka með ofbeldi, sett lim sinn í munn henni, sleikt á henni kynfærin og loks haft holdlegt samræði við hana nauðuga.

Telst þetta varða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu gerir X kröfu um, að ákærði verði dæmdur til greiðslu miskabóta, að fjárhæð 750.000 kr., ásamt hæstu leyfilegu vöxtum frá 30. ágúst til greiðsludags“.

— — —

II. Niðurstaða.

Kærandi var 16 ára, er atburðir þeir gerðust, sem mál þetta er risið af. Hefur hún borið fyrir lögreglu og fyrir dómi, að hún hafi fyrir þann tíma verið óspjölluð í þeim skilningi, að hún hafi ekki haft holdlegt samræði við karlmann. Styður framburður læknisins Aðalsteins Þorsteinssonar um rofið meyarhaft eindregið þann framburð kæranda, auk þess sem blóðblettir á líkama hennar og nærfatnaði veita sterka vísbendingu í sömu átt. Þykir því mega leggja þá staðhæfingu kæranda til grundvallar í málinu.

Af dómsframburði kæranda og ákærða er ljóst, að samræði átti sér stað milli þeirra í beitingaskúrnum umrædda nótt. Bæði telja þau sig hafa verið þar inni í u. þ. b. 10 mínútur, og bæði bera, að ekki hafi komið til tals, að þau myndu eiga þar samfarir. Um atburðarásina að öðru leyti eru þau hins vegar um margt ósammála. Þannig viðurkenndi ákærði fyrst fyrir dómi að hafa sett getnaðarlim sinn inn í fæðingarveg kæranda, en áður hafði hann ýmist neitað samræði með öllu eða borið, að um máttvana samfaratílaunir hafi verið að ræða, sem kærandi hafi átt frumkvæði að. Kærandi hefur á hinn bóginn verið stöðug í frásögn sinni af því, sem hún segir hafa gerst í beitingaskúrnum, og hvorki dregið úr né aukið við, þótt tæpt ár hafi liðið milli skýrslna hennar um málið.

Ákærði hefur fyrir dómi enga haldbæra skýringu getað gefið á því, hvert erindi hann og kærandi áttu að beitingaskúrnum umrædda nótt, en segist sjálfur hafa þekkt þar vel til aðstæðna og fyrrum stundað þar vinnu.

Ástand kæranda eftir atburðinn, eins og því hefur verið lýst með nánast samhljóða framburði vitna, bendir eindregið til þess, að kærandi hafi orðið fyrir alvarlegu áfalli. Hefur ekkert komið fram í málinu um, að rekja megi ástand hennar til annarra atvika en samskipta hennar við ákærða, eins og hún lýsir þeim. Hún hefur frá upphafi verið sjálfri sér samkvæm um það, sem gerðist milli hennar og ákærða. Ákærði hefur á hinn bóginn, eins og að framan er rakið, verið óstöðugur í framburði sínum frá upphafi, og þykir framburður hans um málsatvik, að svo miklu leyti sem hann stangast á við framburð kæranda, ekki trúverðugur. Þá ber að líta til þess, að kærandi var óspjölluð, er hinn kærði atburður gerðist, og þykir sá framburður ákærða ótrúverðugur, að hún hafi óskað eftir fyrstu samförum sínum í því umhverfi og með þeim aðdraganda, sem ákærði hefur borið um, ekki síst með tilliti til þess, að ákærði og kærandi þekktust ekki.

Pegar framangreind atriði eru öll virt heildstætt og litíð er til einlægs og trúverðugs framburðar kæranda, sem verið hefur stöðugur frá upphafi rannsóknar, þykir eigi varhugavert að leggja munnlegan framburð hennar fyrir dómi til grundvallar málsatvikum um þau atriði, sem hér skipta máli,

enda ekkert fram komið, sem veikir framburð hennar með nokkrum hætti. Er því sannað, að ákærði hafi þröngvað kæranda til holdlegs samræðis í beitingaskúrnum. Þykir sú háttsemi hans varða við 194. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing.

Samkvæmt sakavottorði og öðrum upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu, var ákærði dæmdur 4. júlí 1994 í 45 daga varðhald fyrir líkamsárás og ölvunarakstur, en refsing höfð skilorðsbundin til tveggja ára. Sá dómur var hins vegar ekki birtur ákærða fyrr en 1. ágúst s. á. og kemur því ekki til skoðunar við ákvörðun refsingar í málinu.

Ákærði hefur nú unnið sér til refsingar samkvæmt 194. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði, en til frádráttar komi einn sólarhringur, sem ákærði sætti gæsluvarðhaldi frá 31. júlí til 1. ágúst 1994.

Skaða- og miskabætur.

Við aðalmeðferð málsins breytti lögmaður kæranda fyrrgreindri bótakröfu á þann veg, að krafist var nú skaðabóta, að fjárhæð 35.000 krónur, vegna fatnaðar og 25.000 króna vegna lögmannspóknunar. Jafnframt var krafa um miskabætur lækkuð í 650.000 krónur. Þá var krafist vaxta frá 31. júlí 1994 til greiðsludags skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Gegn andmælum af hálfu ákærða og með vísan til 171. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 þykir ekki annað fært en vísa hinum nýju kröfum frá dómi.

Samkvæmt niðurstöðu málsins er ljóst, að kærandi hefur orðið fyrir miska af völdum ákærða. Þykir miskabótakrafan nægilega rökstudd, og ber að taka hana til greina. Með vísan til málsatvika þykja bætur hæfilega ákveðnar 300.000 krónur. Rétt er, að sú fjárhæð beri vexti skv. 7. gr. vaxtalaga frá 31. júlí 1994 til dómsuppsögudags, en dráttarvexti skv. III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Sakarkostnaður.

Samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar. Eru þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Gísla M. Auðbergssonar lögfræðings, sem þykja hæfilega ákveðin 80.000 krónur, svo og saksóknarlaun sömu fjárhæðar, er renni til ríkissjóðs, en af hálfu ákæruvalds flutti málið Lárus Bjarnason, sýslumaður á Seyðisfirði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ásgeir Jónsson, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði greiði X miskabætur, að fjárhæð 300.000 krónur, með vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 31. júlí 1994 til dómsuppsögudags, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla M. Auðbergssonar lögfræðings, 80.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur.
